

# Auglýsing

## nr.543/2000 um takmörkun á innflutningi á jarðhnetum frá Egyptalandi.

### 1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á jarðhnetum frá Egyptalandi sem ætlaðar eru til manneldis eða sem hráefni í matvæli.

### 2. gr.

Heimilt er að flytja inn jarðhnetur sem að uppruna eru frá Egyptalandi að því tilskildu að ákvæði 2. mgr. þessarar greinar sé uppfyllt. Þetta á við um hnetur í hýði í tollflokki 1202.1000, afhýddar, sundurskornar eða heilar hnetur í tollflokki 1202.2000 og aðrar jarðhnetur í tollflokki 2008.1109. Með vörusendingunni skulu fylgja rannsóknaniðurstöður vegna greiningar á sveppaeitri (afltoxíni), sem hægt er að rekja til vörusendingarinnar auk rekjanlegs heilbrigðisvottorðs. Hollustuvernd ríkisins skal meta þau vottorð sem lögð eru fram þessu til staðfestingar.

### 3. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

### 4. gr.

Auglýsingin er birt skv. 28. gr. laga um matvæli og með hliðsjón af ákvörðun Evrópusambandsins nr. 2000/49/EB um takmörkun á innflutningi á jarðhnetum frá Egyptalandi. Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.